



Sigrinum fagnað Dagur Sigurðsson var tolleraður af lærisveinum sínum í þýska landsliðinu eftir að Þjóðverjar urðu Evrópumeistarar í handbolta í gær. Þýskaland vann magnaðan sigur á Spáni, 24-17, í úrslitaleik. Dagur fór inn í mótið með hálfgerð B-landslið vegna meiðsla lykilmanna en hann stóð uppi sem sigurvegari. Sjá síðu 16 FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Mikilvægt að rekið sé sjúkrahótel

HEILBRIGÐISMÁL Það er alvarlegt mál verði ekkert sjúkrahótel starfrækt í höfuðborginni eftir 30. apríl næstkomandi, að mati Bjarna Jónssonar, forstjóra Sjúkrahússins á Akureyri. Landspítalinn sé þjóðarsjúkrahús og þurfi að gagnast öllu landinu. Fyrir skömmu rifti Heilsumiðstöðin samningi sínum við Sjúkratryggingar um rekstur sjúkrahótelis við Armúla.

„Til Landspítala koma margir sjúklingar utan af landi og því brýnt að þeir sjúklingar geti nálgast þjónustuna hnökralaust. Því er bráðnauðsynlegt að fyrir hendi sé sjúkrahótelþjónusta fyrir þá einstaklinga. Sjúkrahótel er mikilvægur liður í þjónustu við sjúk-



Sigríður Ingibjörg Ingadóttir alþingismaður

linga sem þurfa að sækja heilbrigðisþjónustu langa leið,“ segir Bjarni.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, formaður velferðarnefndar Alþingis, segir þessa þjónustu skipta miklu máli fyrir Landspítalann og skorar á stjórnvöld að drífa í að leita leiða til að sjúkrahótel verði starfrækt áfram. „Það er mikilvægt að stjórnvöld hafi snör handtök og finni lausn á þessum vanda.“

– sa / sjá síðu 4

Aukin andstaða við áfengi í matvörubúðir


Næstum tveir af hverjum þremur sem afstöðu taka eru andvígir því að bjór og léttvín sé selt í matvöruverslunum. Andstaðan hefur aukist frá því í mars í fyrra. Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogu, hvetur til óbreyttrar áfengislöggjafar.

VERSLUN Sextíu og tvö prósent þeirra sem afstöðu taka eru andvíg því að bjór og léttvín verði selt í matvöruverslunum. Þetta sýna niðurstöður nýrrar könnunar Fréttablaðsins, Vísis og Stöðvar 2. Hins vegar eru 38 prósent fylgjandi því að áfengi verði selt í búðum. Andstaðan er meiri á meðal fólks yfir fimmtugu en yngra fólks. Hún er líka meiri meðal kvenna. Sömu spurningar var spurt í mars í fyrra og hefur andstaðan við sölu léttvíns og bjórs í matvörubúðum aukist frá þeim tíma.

Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogu, segir niðurstöðurnar ekki koma sér á óvart. „Sérstaklega er það augljóst að með aldrinum þá áttar maður sig á vandanum sem af áfengi stafar. Þess vegna vilja menn ekkert gera sem eykur hættuna á því að ungmenni fari illa út úr áfengisneyslu eða verði áfengissjúk,“ segir hann.

Þórarinn segist hvetja til óbreyttrar áfengislöggjafar. „Já, ég geri það. Vegna þess að við höfum tölur núna úr stórum gagnagrunni á Vogu sem sýna það að líkurnar á því að verða áfengissjúkur eru að minnka í nær öllum aldurshópum. Sérstaklega á

Á að heimila sölu á bjór og léttvíni í matvöruverslunum?



■ Nei ■ Já

meðal ungs fólks á Íslandi. Það eru miklu minni líkur en voru fyrir tíu árum á að verða áfengissjúkur. Á móti er þjóðinni að fjölga svo að í heild er vandamálið ekki að minnka fyrir okkur,“ segir Þórarinn.

Vilhjálmur Arnason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hefur lagt fram frumvarp um afnám einkasölu ríkisins á áfengi. Hann segir niðurstöðurnar ekki koma sér á óvart miðað við hvernig spurt sé, en gerir athuga-

Við höfum tölur núna úr stórum gagnagrunni á Vogu sem sýna það að líkurnar á því að verða áfengissjúkur eru að minnka í nær öllum aldurshópum.

Þórarinn Tyrfingsson yfirlæknir á Vogu



semd við orðalag spurningarinnar. „Þið spyrjið alltaf um matvöruverslanir, sem eru þannig lagað hvergi nefndar í frumvarpinu. Þeim verður heimilað að selja þetta en þetta er ekki bara miðað að þeim.“

Þegar skoðuð eru svör allra sést að 35 prósent aðspurðra segjast vilja að bjór og léttvín sé selt í matvöruverslunum, 56 prósent aðspurðra segjast andvíg en 9 prósent eru óákveðin.

– jhh / sjá síðu 8

Fréttablaðið í dag

FRÉTTIR Íbúar í Engihjalla vilja láta laga götuna og göngustíga. **2**


SKOÐUN Helgi Hjörvar skrifar um verðtrygginguna. **10**

TÍMAMÓT Katrín Jakobsdóttir á fertugsafmæli í dag. **16**

LÍFID Anna Pálma myndaði herferð fyrir Coca-Cola. **22**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • LÍFID

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



YFIRBURÐIR

Fréttablaðsins staðfestir

Höfuðborgarsvæðið, meðalrestur á tölublað, 12–80 ára. Prentmiðlakönnun Gallup, okt.–des. 2015.



Allt sem þú þarft ...

Veður



Norðaustanhvassviðri eða -stormur og víða snjócoma eða él í dag, en úrkomulítið sunnan- og vestanlands og dregur úr frosti í bili. **SJÁ SÍÐU 18**



Síamstvíburarnir áður en þeir undirgengust aðgerð. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Aðskildu átta daga gamla síamstvíbura

SVISS Læknar í Sviss fullyrða að þeir hafi aðskilið átta daga gamla síamstvíbura. BBC greinir frá því að um sé að ræða yngstu síamstvíbura sem hafi lifað af aðskilnaðaraðgerð.

Tvíburarnir, sem eru kvenkyns, fæddust í desember og voru fastir saman á lifur og bringu. Ákveðið var að aðskilja þá á undan áætlun þar sem þeir voru í lífshættu. Taldar voru eins prófents líkur á að aðgerðin myndi heppnast.

Tvíburarnir, sem heita Lydia og Maya, fæddust átta vikum fyrir tím-ann á Inselspital-spítalanum í Bern í Sviss, ásamt þríburasystkini sem var heilbriggt. –sg

Hafna kröfu um nýja kosningu

STJÓRNSÝSLA Stjórn VR hafnar kröfu um að kosning félagsins á fulltrúum þess í stjórn Lifeyrissjóðs verzlunarmanna fyrir tæpri viku verði ógilt og boðað verði til nýrra kosninga. Þetta kemur fram í ályktun sem stjórn VR samþykkti á fundi sínum í gærkvöldi.

Það fyrirkomulag sem viðhæft var við val á fulltrúum í stjórn LV sé í fullu samræmi við reglur stjórnar VR þar að lútandi, vinnureglur félagsins og lög þess. Þá segir í áliti lögmanns VR, sem kynnt var á fundinum, að ákvörðun um tilnefningu fulltrúa félagsins í stjórn LV sé á ábyrgð stjórnar VR og að engin rök séu til að fallast á kröfu um ógildingu. –sg



Dansað á Reykjavíkurlaikunum



Á danskeppni Reykjavíkurlaikanna í gær var keppt í standard dónsum. Bæði var keppt um bikarmeistaratitil og Reykjavíkurlaikatitil. Þau Jörgen Jensen Averstad og Anastasiya Zakhartchouk fönguðu athygli Vilhelms Gunnarssonar ljósmyndara í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM.

Maður í haldi vegna brunans

BRUNI Maður er í haldi lögreglunnar á Vesturlandi grunaður um að hafa kveikt í Hótel Ljósalandi í Saurbæ í Dalasýslu aðfaranótt sunnudags.

Lögregla var kölluð á vettvang laust fyrir klukkan fimm aðfaranótt sunnudags vegna ölvaðs manns sem gekk berserksgang við hótelið. Þetta var um hálf tíma áður en tilkynnt var að kviknað væri í hótelinu og slökkvilið var kallað út.

Eldurinn kom upp í nýbyggingu hótelsins sem ekki hefur enn verið tekin í gagnið. Tjón á húsinu er sagt mikið eftir brunann og hluti hússins fallinn.

Engir gestir voru í byggingunni þegar kviknaði í henni og enginn slasaðist. Heimamenn á næsta bæ urðu eldsins varir þegar þeir komu heim af þorralóti.

Málið er til rannsóknar hjá rannsóknardeild lögreglunnar á Vesturlandi. –sg

Vill að Kópavogsbær lagi hættulegar götur

Íbúasamtökin Engihjalla segja götur og gangstéttir vera illa farnar og hættulegar. Samtökin vilja að Kópavogsbær grípi til aðgerða. Þá séu engir hjólastigar í bænum. Formaður bæjarráðs tekur undir með íbúum og segir málið í vinnslu.

SAMFÉLAG „Bær eru orðnar mjög holóttar, skemmdar og ljótar,“ segir Guðrún Snorradóttir, formaður Íbúasamtaka Engihjalla, um ástand gatna við Engihjallann. Íbúasamtökin vilja að Kópavogsbær grípi til aðgerða til að laga götur og gangstéttir. Samtökin hafa sent bænum bréf þar sem fram kemur að götur og gangstéttir séu orðnar „verulega illa farnar“.

„Á einum stað við strætóstoppi- stöð stendur járn upp úr sem er bara hættulegt,“ bætir Guðrún við.

Guðrún segir að erindinu hafi verið vel tekið. Hins vegar hafi engin áform verið kynnt enn. Forsvarsmenn bæjarins hafi einnig lýst yfir vilja til að grípa til aðgerða á íbúapingi í Engihjalla í nóvember 2014. „Svo hefur ekkert gerst. Við vorum að vonast eftir því fyrir ári síðan að það færi eitthvað inn á fjárhagsáætlun.“ Það hafi ekki gengið eftir en íbúarnir hafi verið vongóðir um að áætlanir færu inn á nýjustu fjárhagsáætlunina. Ekki hafi orðið af því. „Þá fór nú aðeins að hitna í kolunum hjá okkur og þolinmæðin að breyta,“ segir Guðrún. Í kjölfarið hafi samtökin sent bænum bréf.

Þá segir Guðrún Kópavogsbær vera langt á eftir nágrannasveitarfélögum sínum hvað varðar lagningu hjólréiðastíga. „Það eru engir hjólastigar í Kópavogi,“ segir Guðrún. Hjólréiðafólk þurfi að fara út úr Kópavogi til að fara í hjólaferðir. Hún bendir á að Kópavogur sé orðinn þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi bæ. „Fyrst að hann er að taka þátt í þessu verkefni, Heilsueflandi bæ, á hann að leggja áherslu á að fólk geti valið sér þannig lífsstíl,“ bendir hún á.



Guðrún Snorradóttir segir götur og gangstéttir við Engihjalla holóttar og illa farnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Á einum stað við strætóstoppi- stöð stendur járn upp úr sem er bara hættulegt.

Guðrún Snorradóttir, formaður Íbúasamtaka Engihjalla

Það þarf virkilega að fara í umhverfis- áttak sem er í kringum þetta stóra samfélag sem er þarna í Engihjalla.

Theódóra S. Þorsteinsdóttir, formaður bæjarráðs Kópavogsbæjar

„Ég tek alveg undir það með þessum samtökum. Það þarf virkilega að fara í umhverfisáttak sem er í kringum þetta stóra samfélag sem er þarna í Engihjalla,“ segir Theódóra S. Þorsteinsdóttir, formaður bæjarráðs Kópavogsbæjar.

Theódóra segir stefnt að því að fara í einhverjar framkvæmdir á þessu ári. Verið sé að kostnaðargreina þær breytingar sem íbúasamtökin hafi lagt til að verði gerðar og í kjölfarið sé stefnt að því að fara í þær. „Þegar við fáum þessa kostnaðargreiningu munum við velja úr þau verkefni sem við getum farið í núna á þessu ári og halda áfram á næsta ári,“ segir Theódóra. ingvar@frettabladid.is



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

YARIS TREND lipur í snúningum



Verð frá: 2.760.000 kr.

Kynntu þér **Toyota FLEX**

- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

Lág
innborgun

Tryggt
fram tíðarvirði

Fastar
mánaðargreiðslur

YARIS TREND er lipur í snúningum og geislar af fegurð og krafti. Tryggðu þér þessa sérútgáfu af einum vinsælasta bíl seinni ára sem býðst í takmarkaðan tíma hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota á Íslandi.

Renndu við og reynsluaktu nýjum Yaris Trend í bensín-, dísil- eða hybrid-útgáfu.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM*



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

*Viðkomandi þarf að vera meðlimur í Icelandair Saga Club.

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

Vill vita hvað tekur við ef Bretar fara úr Evrópusambandinu

STJÓRN MÁL Árni Páll Arnason, formaður Samfylkingarinnar, segir engan hafa komið fram með fullnægjandi svör við því hvað tæki við ef Bretar ganga úr Evrópusambandinu eftir þjóðaratkvæðagreiðslu um áframhaldandi aðild þeirra á næsta ári.

Þeim sem vilja að Bretar gangi úr sambandinu hefur vaxið ásmegin undanfarna mánuði en í gær birti Skyfréttastofan nýja könnun þar sem 54 prósent Breta segjast vilja vera áfram í sambandinu, 36 prósent vilja úrsögn en 10 prósent eru óákveðin.

„Hvað þá, ef menn ákveða að ganga úr Evrópusambandinu?“ spyr Árni Páll. „Með hvaða hætti ætla menn þá að tryggja efnahagslega hagsmuni Bretlands? Vegna þess að



Árni Páll spyr hvernig Bretar ætli að tryggja stöðugleika. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Það eru líka margir þættir sem valda þrýstingi á Evrópusamvinnuna núna, eins og flóttamannavandinn og önnur slík verkefni.

Árni Páll Arnason
formaður Samfylkingarinnar

enginn sér fyrir sér aðild að EES, með því áhrifaleysi sem þeirri aðild fylgir.“

Árni segir það ómögulegt að segja hvaða áhrif útganga Breta myndi hafa á samskipti Íslendinga við þá og stöðu Íslands í Evrópu og mögulega aðildarumsókn í framtíðinni.

Útganga Breta gæti leitt til frekari uppstokkunar í Evrópu.

„Það eru líka margir þættir sem valda þrýstingi á Evrópusamvinnuna núna, eins og flóttamannavandinn og önnur slík verkefni,“ segir hann. „Þau eru hins vegar þannig að þau eru ekkert auðleysanlegri þegar ríkin slíta sig úr samstarfi við önnur ríki.“

Hins vegar hafi enginn málsmetandi stjórnmálamaður í Bretlandi getað útlístað hvað ætti að taka við ef Bretar yfirgefa Evrópusambandið.

„Meira að segja forsætisráðherra Bretlands, sem er að hefja þessa vegferð, hann vill ekki að Bretland gangi úr sambandinu. Þannig að þetta er svolítið skrytið, að bjóða fólki upp á valkost um eitthvað sem enginn treystir sér til að taka ábyrgð á.“ – hmp



Áframhaldandi snjóköma og kuldi verður á öllu landinu næstu dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Mikið vetrarríki í vikunni

VEDUR Áframhaldandi snjóköma og kuldi verður í vikunni og von er á hörku vetrarveðri. Þetta segir Þorsteinn V. Jónsson, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands.

Vonir um vorveður eru því úti í vikunni, áframhaldandi snjóköma verður fyrir norðan og austan, þó ekki mikil á höfuðborgarsvæðinu næstu daga.

„Það dregur úr frosti í dag en svo fer að kólna aftur á þriðjudag og miðvikudag. Það verður mikið vetrarríki í vikunni og sér ekki fyrir endann á því,“ segir Þorsteinn veðurfræðingur. – sg

SAMFÉLAG

Fagna sextíu ára afmæli

Lífeyrissjóður verzlunarmanna er 60 ára í dag, 1. febrúar. Starfsemi sjóðsins byggðist á kjarasamningi Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og atvinnurekenda sem gerður var 27. maí 1955. Enn í dag, 60 árum síðar, er starfsemi sjóðsins grundvölluð á kjarasamningi VR og atvinnurekenda auk laga frá Alþingi sem byggja á allsherjarsamkomulagi á vinnumarkaði. Afmælisins verður minnst með margvíslegum hætti í starfsemi sjóðsins allt afmælisárið.

Sjúkrahótel bráðnauðsynlegt íbúum landsbyggðarinnar

Íbúar landsbyggðarinnar sem þurfa að sækja sjúkrahúspjónustu til borgarinnar reiða sig á sjúkrahótel. Forstjóri Sjúkrahússins á Akureyri segir þjónustuna bráðnauðsynlega. Formaður velferðarnefndar hvetur stjórnvöld áfram. Segir það ódýrara fyrir hið opinbera að starfrækja sjúkrahótel en hafa fólk á spítölum.

HEILBRIGÐISMÁL Bjarni Jónsson, forstjóri Sjúkrahússins á Akureyri, segir það alvarlegt mál verði ekkert sjúkrahótel starfrækt í höfuðborginni eftir 30. apríl næstkomandi. Landspítali sé þjóðarsjúkrahús og þurfi að geta sinnt öllu landinu.

„Til Landspítala koma margir sjúklingar utan af landi og því brýnt að þeir sjúklingar geti nálgast þjónustuna hnökralaust. Því er bráðnauðsynlegt að fyrir hendi sé sjúkrahótelþjónusta fyrir þá einstaklinga. Sjúkrahótel er mikilvægur liður í þjónustu við sjúklinga sem þurfa að sækja heilbrigðisþjónustu langa leið,“ segir Bjarni.

Fyrir skömmu rifti Heilsumiðstöðin samningi sínum við Sjúkratryggingar um rekstur sjúkrahótelis við Ármúla. Taldi fyrirtækið sig ekki geta rekið þjónustuna áfram í óbreyttri mynd og vera bitbein tveggja opinberra stofnana. Samningur um rekstur sjúkrahótelisins rennur út þann 30. apríl næstkomandi. Eftir þann tíma verður ekkert starfandi sjúkrahótel á höfuðborgarsvæðinu ef áfram heldur sem horfir.

Formaður velferðarnefndar Alþingis, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, segir þessa þjónustu skipta miklu máli fyrir Landspítalann og skorar á stjórnvöld að drífa í að leita leiða til að sjúkrahótel verði starfrækt áfram. „Það er mikilvægt að stjórnvöld hafi snör handtök og finni lausn á þessum vanda. Á Landspítalanum vinnur fólk undir

Á Landspítalanum vinnur fólk undir miklu álagi og er þessi vandi aðeins til að auka á álag heilbrigðisstarfsfólks.

Sigríður I. Ingadóttir,
formaður velferðarnefndar



miklu álagi og er þessi vandi aðeins til að auka á álag heilbrigðisstarfsfólks. Einnig er það ódýrara fyrir hið opinbera að starfrækja sjúkrahótel en að hafa einstaklinga inni á legurýmum spítalans,“ segir Sigríður Ingibjörg.

Á Akureyri gerðu Sjúkratryggingar rammasamning við tvö gistiheimili að loknu útboði um gistingu fyrir sjúklinga Sjúkrahússins á Akureyri sem koma langt að og þurfa gistingu. Sá möguleiki er einnig fyrir hendi í Reykjavík, að nýta sams konar úrræði, það er að gera samninga við fjölda gististaða um að taka að sér sjúkrahótelþjónustu og fjölga þannig rúmum fyrir sjúklinga.

Ríkisendurskoðun hefur gefið út skýrslu um framkvæmd samninga Sjúkratrygginga við ríkið og átelur heilbrigðisráðuneytið fyrir að hafa ekki stigið inn í erfið samskipti milli stofnana. Telur Ríkisendurskoðun að höggva hefði þurft á hnúta fyrir löngu. sveinn@frettabladid.is



Landspítalinn er þjóðarsjúkrahús sem sinnir öllum landsmönnum, hvar svo sem þeir búa. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þriðja hvert barn í miðbæ keyrt í skóla

SAMFÉLAG Eftir því sem börn búa nær miðborginni, því líklegri er að þau séu keyrd í skólann. 33 prósent barna í mið- og vesturbæ eru keyrd í skólann. Börn í Árbæ og Breiðholti eru líklegri til að ganga sjálf og um tíunda hvert barn keyrt í skólann. Þetta kemur fram í netkönnun sem Gallup gerði fyrir Reykjavíkurborg. 1.073 voru í úrtaki og 61 prósent svarhlutfall.

Fullorðna fólkið var duglegra að taka strætó í vinnuna á síðasta ári en árið 2014. Þrettán prósent fóru með strætó, tólf prósent gengu og 65 prósent keyrðu. Mið- og Vesturbæingar voru þar vistvænastir.

Einnig kemur fram í könnuninni að Laugardalurinn, Reykjavíkurtjörn og Elliðaárdalur eru fjölsóttustu útivistarsvæðin í borginni. Nauthólsvík, Öskjuhlíð, Klambatún og Fossvogur njóta líka vinsælda. Niðurstöður könnunarinnar sýna líka að 74 prósent borgarbúa eru ánægð með göngugötur í miðborginni á sumrin. – ebg

13% fóru með strætó í vinnuna



Veðrið á síðasta ári hefur mögulega fjölgað skutferðum foreldra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

3. febrúar í 7 nætur

Frá kr. 84.900 m/hálft fæði innifalið

STÖKKTU TIL

GRAN CANARIA

Stökktu Netverð á mann frá kr. 84.900 m.v. 2 í íbúð/stúdíó/herbergi.

Heimsferðir

ÞÚ ERT ALLTAF MEÐ AUR




Skiptu matarreikningnum með Aur

Þú ert alltaf með aur í símanum þínum ef þú sækir Aur appið! Kosturinn við Aur er að þú þarft eingöngu að vita farsímanúmer þess sem þú ætlar að borga eða rukka. Það kostar ekkert að borga með Aur ef þú skráir debetkort. Þegar aðrir borga þér er samstundis lagt inn á bankareikninginn þinn. **Náðu þér í Aur appið.**



Kortaupplýsingar eru geymdar hjá Borgun samkvæmt PCI DSS öryggisstaðli.





Þingflokkur VG leggur áherslu á að sambærileg ákvæði rati aldrei inn í íslenska löggjöf. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fordæma lögin í Danmörku

STJÓRNMÁL Þingflokkur Vinstri-hreyfingarinnar – græns framboðs (VG) fordæmir herta löggjöf um málefni innflytjenda í Danmörku. Eignaupptaka verðmæta er heimiluð með lögum og þrengt að sam- einingu fjölskyldna.

Fram kemur í ályktun þing- flokks VG að þingflokkurinn leggur áherslu á að sambærileg ákvæði rati aldrei inn í íslenska löggjöf. Löggjöfin stríði gegn þeim almenna anda sáttar, mannréttinda og gest- risni sem einkennt hefur Norður- löndin í sögulegu ljósi þegar kemur að móttöku flóttamanna sem flýja stríðshrjád lönd auk þess sem hún samræmist hvorki Flóttamannasát- mála Sameinuðu þjóðanna, Barna- sáttmála Sameinuðu þjóðanna né Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Þá fordæmdu Ungir Vinstri græn- ir einnig dönsku lögin með ályktun sem send var fjölmíðlum. – sg

Fagna að heiðnum sið



Frumbyggjar í Gvatemalaborg minnst þess að 36 ár eru liðin frá bruna spænska sendiráðsins í borginni með helgiathöfn að sið Maja. Árið 1980 tóku fríðsamlegir mótmælendur, aðallega frumbyggjar, sendiráðið yfir. Nokkru síðar gerði lögregla atlögu að sendiráðinu og kveikti í því. 36 brunnu inni. NORDICPHOTOS/AFP

Vantar þig upplyftingu?

Náttúrulegur B12 vítamín munnúði með krómi og grænu te ekstrakt.

Skortur á B12-vítamíni getur birst sem:

- Preyta, slen, orkuleysi
- Nálardofi í hand- og fótleggjum
- Hægðatregða, uppþemba
- Þyngdartap
- Svimi
- Erfiðleikar með gang
- Skapsveiflur
- Minnisleysi
- Vitglöp og jafnvel alzheimers

BetterYou[®] B12 BOOST
Vitamin B12 Oral Spray

Expert nutritional support
No tablets, capsules or water
40 Daily doses
Spray formula for better absorption

Þegar B12 Boost er sprejjað í munnholið fara næringarefni beint í blóðrásina sem eykur líkur á góðri upptöku.

Söluastaðir: apótek, heilsuþúðir og verslanir

Skref í átt að sjálfstæði

Kúrdar hafa verið að grafa skotgröf þvert í gegnum Írak. Sums staðar liggur skotgröfin þvert í gegnum svæði sem bæði arabar og Kúrdar gera tilkall til.

ÍRAK Stjórnvöld í Bagdad eru farin að hafa áhyggjur af ógnarlangri skotgröf sem Kúrdar hafa verið að grafa til að verjast sjálfsvígisárásum frá víga-sveitum DAISH-samtakanna.

Kúrdasvæðin í norðri hafa í reynd fengið töluvert sjálfræði innan Íraks, enda hefur stjórnin í Bagdad varla mikið bolmagn til að láta neitt til sín taka þar meðan átökin við DAISH halda henni upptekinni sem og önnur ölga í landinu.

Kúrdar hafa lengi látið sig dreyma um sjálfstætt ríki í norðurhluta Íraks, og helst næði það yfir suðaustanvert Tyrkland líka og jafnvel norðausturhluta Sírylands. Kúrdar búa á öllu þessu svæði, sem þeir kalla Kúrd-istan.

Kúrdum í Írak hefur gengið mun betur en stjórninni í Bagdad að ver- ast DAISH-samtökunum, og ráða þeir nú eigin málum að mestu leyti sjálfir án aðkomu stjórnarinnar í Bagdad.

„Tilgangur skotgrafarinnar er að byggja upp varnarkerfi gegn ökutækjum sem DAISH-hryðju- verkamenn nota til að sprengja bil- sprengjur,“ hafði íranska fréttastofan PressTV nýlega eftir Jabar Jawar, tals- manni Peshmarga-sveitanna, sem eru hersveitir Kúrda í Írak.


„Hún er tveggja metra djúp og þrjú metra breið. Hún er ekki alls staðar, því á sumum svæðum er hún óþörf.“

Hashem Seteh, yfirmaður í Pesh- marga-sveitunum, segir ekki koma til greina að gefa eftir neitt af þeim svæðum sem Kúrdar hafa rekið DAISH-liða frá: „Ef stjórnin í Bag- dad gerir nú tilkall til þessara svæða, hvers vegna sendi hún þá ekki einn einasta hermenn til að taka þátt í bardögnum?“ spyr hann í viðtali við breska útvarpið BBC.

Fleiri þjóðernishópar búa á þess- um svæðum, sem skotgröfin liggur um. gudsteinn@frettabladid.is

Þúsund kílómetra löng skotgröf

Kúrdar segja skotgröfina löngu ætlaða til þess að verjast sjálfsvígis- árásum DAISH-liða, en hún vekur ugg meðal stjórnvalda í Bagdad um að Kúrdar stefni á að kljúfa sig frá Írak og stofna sjálfstætt ríki.





FERSKAR HUGMYNDIR FYRIR VEISLUR OG FUNDI

GAMLI GÓÐI



20 bitar
fyrir 5 manns

Hangikjöt,
eggjasalat.
Roastbeef,
remúlaði,
steiktur laukur.
Rækjusalat.

3.680 kr.

EDALBAKKI



20 bitar
fyrir 5 manns

Hangikjöt, lauk-
sósa, salatmix.
Beikon, egg, steiktir
ferskir sveppir.
Kjúklingur, rautt
pestó, sýrður rjómi,
paprika, salatmix.

3.680 kr.

LÚXUSBAKKI



20 bitar
fyrir 5 manns

Kalkúnn, beikon,
tómatar, sinnepssósa.
Kjúklingur,
egg, lauksósa.
Reyktur lax, íssalat.

3.680 kr.

PÍTUBAKKI



24 bitar
fyrir 5 manns

Tikka masala
kjúklingur
og íssalat.
Reykt skinka.
Eggja- og íssalat.

3.680 kr.

PARTÝBAKKI



20 bitar
fyrir 5 manns

BBQ kjúklingur,
bakaðar sætar
kartöflur, spínat.
Fetaostur, rauð-
laukur, spínat.
Heitreyktur lax, ferskt
dill, spínat, lauksósa.

4.100 kr.

VEISLUBAKKI



30 bitar
fyrir 5 manns

Reykt skinka,
egg, íssalat.
Tikka masala
kjúklingur, íssalat.
Kjúklingaskinka,
smurostur, ofnbakaðir
tómatar, salatmix.

4.100 kr.

ÁVAXTABAKKI



40 - 60 bitar
fyrir 5 - 8 manns

Vínber, melónur,
ananas, appelsínur
og fleiri góðir
ávextir allt
eftir árstíðum
og framboði.

2.800 kr.

DESERTBAKKI



50 bitar
fyrir 10 manns

Vatnsdeigsbollur
fylltar með
vanillukremi.
Kókostoppar
með súkkulaði.

2.270 kr.

KÖKUBAKKI



24 bitar
fyrir 10 manns

Súkkulaðikaka
með mjúku
súkkulaðikremi.
Gulrótarkaka með
rjómaostakremi.
Eplakaka með
kanilkeim.

3.300 kr.

Viltu bjóða í margrétta óvissuferð á næsta fundi eða hafa spennandi hlaðborð í veislunni? Við höfum ferska og ljúffenga veislubakka með fjölbreyttum brauðréttum, tortillum, kökum og ávöxtum á boðstólum.

Það er auðvelt að velja og panta á netinu og við bjóðum fría heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu ef pantaðir eru 4 bakkar eða fleiri. Athugið að panta þarf bakkana eigi síðar en kl. 15:30 næsta virka dag fyrir afhendingu.

Pantaðu í
síma 565 6000
eða á somi.is.



Ferskt á hverjum degi

Kanna leiðir til að draga úr notkun plastpoka á Íslandi

UMHVERFISMÁL Nýr hópur sem Sigrún Magnúsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, stofnaði hefur það hlutverk að móta aðgerðir um hvernig draga megi úr notkun plastpoka hérlendis.

Áætlað er að árlega noti Íslendingar um 70 milljónir plastpoka sem jafngildir rúmlega 200 plastpokum á mann. Starfshópurinn skal hafa að markmiði að dregið verði úr notkun burðarplastpoka í áföngum þannig að þeir verði 90 plastpokar á einstakling fyrir árslok 2019 og 40 plastpokar fyrir árslok 2025.

Hópurinn mun í starfi sínu

» Hópurinn skal leggja mat á hvort og þá hvaða stjórnæki gætu nýst við að draga úr plastpakanotkun.

70

milljónir plastpoka nota Íslendingar á hverju ári.



Plast er orðið meiri háttar umhverfisvandamál.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

horfa til þingsályktunar Alþingis frá júlí sl. um að draga úr plastpakanotkun, breytinga á EES-samningnum vegna plastpakanotkunar og tillögu Umhverfisstofnunar um hvernig draga megi úr plastpakanotkun hér á landi.

Hópurinn skal jafnframt leggja mat á hvort og þá hvaða stjórnæki gætu gagnast við að ná markmiðinu, s.s. notkun hagrænna hvata til grænnar nýsköpunar í plastiðnaði, skattlagning plastpoka, bann við notkun plastpoka að einhverju eða öllu leyti og niðurgreiðslur á umbúðum sem gætu komið í stað plastpoka.

Starfshópnun ber enn fremur að skoða hvað getur komið í staðinn fyrir plastpoka, aðgang almennings og atvinnulífs að leiðum sem geta bætt hringrásarkerfi sem og að meta hugsanleg kostnaðaráhrif þeirra aðgerða sem lagðar verða til.

Starfshópnun er ætlað að hafa samráð við haghafa, s.s. Neytendasmátökin, fulltrúa lágvöruverslana, fulltrúa gámaþjónustuaðila og sorpsamlaga.

Gert er ráð fyrir að starfshópurinn skili skýrslu til ráðherra með tillögum að aðgerðum eigi síðar en 15. júní 2016. – shá

Konur andvígari áfengi í búðum

Andstaðan við að heimila sölu bjórs og léttvins í matvöruverslunum er meiri meðal fólks yfir 50 og kvenna. Yfirlæknir segir eldra fólk betur meðvitað um hættuna af áfengi. Þess vegna vilji það ekki gera breytingar.

VERSLUN Andstaðan við það að heimila sölu á bjór og léttvini í matvöruverslunum hefur aukist frá því að Fréttablaðið spurði síðast, í mars 2015. Þegar einungis eru skoðuð svör þeirra sem afstöðu taka sést að nú eru 62 prósent aðspurðra andvíg því að heimila sölu á bjór og léttvini í matvöruverslunum, en 38 prósent eru því fylgjandi. Þegar spurt var í mars í fyrra voru 55 prósent andvíg en 45 prósent voru fylgjandi.


Andstaðan er meiri meðal kvenna en karla. Rétt rúmlega 70 prósent kvenna eru andvíg því að selja áfengi í verslunum en tæplega 30 prósent eru því fylgjandi. Aftur á móti er rétt rúmlega helmingur karla því andvígur. Þegar skoðuð eru svör eftir aldri sést að 75 prósent þeirra sem eru fimmtíu ára og eldri eru andvíg því að bjór og léttvín sé selt í matvöruverslunum en 25 prósent fylgjandi. Aftur á móti er einungis 51 prósent þeirra sem eru á aldrinum 18-49 ára andvíg því að heimila sölu á bjór og léttvini í matvöruverslunum.

Vilhjálmur Árnason, fyrsti flutningsmaður frumvarps um afnám einkasölu ríkisins á áfengi, segir ástæðulaust að ætla að áfengi verði selt í stórum stíl í matvöruverslunum á höfuðborgarsvæðinu. Verslunin muni áfram verða á veitingastöðum en líka í sérvöruverslunum og á internetinu. „Þessi matvöruverslunarkill er aðallega til að tryggja að það verði boðið upp á þessa vöru á landsbyggðinni. Þannig að það verði hægt að nýta samlegðaráhrifin þar með verslun sem berst í bókum. Mér er alveg sama hvort stórmarkaðirnir selji þetta eða ekki.“

Þóririnn Tyrfringsson, yfirlæknir á Vogu, segir það ekki koma á óvart að andstaðan sé meiri á meðal eldra fólks. „Sérstaklega er það augljóst að með aldrinum þá áttar maður sig á


Á að heimila sölu á bjór og léttvini í matvöruverslunum?

Eftir könnunum




■ Mars 2015 ■ Janúar 2016

Eftir kyni



■ Nei ■ Já

Eftir aldri



■ Nei ■ Já



Óttast er að mörg þeirra barna sem hafa horfið hafi ratað í hendur glæpasamtaka. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Að minnsta kosti tíu þúsund flóttabörn eru horfin í Evrópu

FLÓTTAMENN Að minnsta kosti tíu þúsund flóttabörn hafa nú horfið í Evrópu, samkvæmt nýrri skýrslu Europol. Óttast er að mörg þeirra hafi ratað í hendur glæpasamtaka.

Í samtali við sunnudagsblað breska miðilsins The Guardian segir Brian Donald, yfirmaður hjá Europol, að bara á Ítalíu hafi um fimm þúsund börn horfið. Önnur þúsund séu horfin í Svíþjóð. „Sum þeirra gætu hafa náð til fjölskyldumeðlima,“ segir Donald. „Við vitum bara ekki hvar þau eru, hvað þau eru að gera eða með hverjum.“

Í síðustu viku lýstu Bretar því yfir að þeir myndu taka við fleiri flóttabörnum frá Sírylandi og öðrum átakasvæðum sem ekki eru í fylgd með fullorðnu fólki. – sg

Við vitum bara ekki hvar þau eru, hvað þau eru að gera eða með hverjum.

Brian Donald, yfirmaður hjá Europol

ÖSKUDAGUR LÆKKAD VERÐ!

HOKUS POKUS
hokuspokus.is

Íþróttafraeði kennd á Akureyri en ekki Laugarvatni

MENNTAMÁL Endurskoðun á kennaranámi við Háskólann á Akureyri gerir ráð fyrir að á næsta skólaári verði boðið upp á nám í íþróttafraeðum við háskólann.

Lagt er til á sama tíma í skýrslu að leggja niður Íþróttafraeðasetrið á Laugarvatni og flytja það til Reykjavíkur. Skýrslan var unnin að beiðni Kristínar Ingólfssdóttur, fyrrverandi rektors HÍ, sem þáttur í að móta framtíðarstefnu og fyrirkomulag um staðsetningu náms í íþrótt- og heilsufraeði við Menntavísindasvið skólans.

Haraldur Einarsson, þingmaður Framsóknarflokksins í Suðurlandshéraði, segir það auðvitað reidarslag ef skólanum verði lokað á Laugarvatni. „Ég svo sem veit ekki á þessu stigi málsins hvort þetta tengist að einhverju leyti en lagt er til í skýrslu HÍ að Akureyri taki að sér kennslu í

íþróttakennarafræðum. Við þingmenn í Suðurlandshéraði munum áfram vinna að því að skóli á Laugarvatni verði áfram starfræktur,“ segir Haraldur.

Eyjólfur Guðmundsson, rektor Háskólans á Akureyri, segir ákvörðun skólans um breytingar á námsframboði í kennarafræðum ekki til komnar vegna skýrslu HÍ. „Við höfum ekki rætt við Háskóla Íslands um íþróttakennaranám. Við erum að taka ákvörðun um breytt námsframboð á okkar eigin forsendum.“ Hér erum við heldur ekki að tala um íþróttakennaranám sem slíkt heldur kennaranám með íþróttafraeði sem kjörsvið,“ segir Eyjólfur. – sa

Haraldur Einarsson, þingmaður Framsóknarflokksins



Háskólinn á Akureyri ætlar að hefja kennslu í íþróttafraeðum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Yfir 80 ára saga íþróttakennslu að Laugarvatni

- Björn Jakobsson hóf að kenna íþróttafraeði að Laugarvatni árið 1932 og fór námið þá fram í Héraðsskólanum.
- Fyrstu lög um íþróttakennarskólann voru samþykkt í aprílmánuði árið 1942. Skólinn var síðar sameinaður Háskóla Íslands.

PAMPERS GÆÐABLEYJUR Á FRÁBÆRU VERÐI

Botnverð á Pampers bleyjum í Iceland



Pampers


ÓTRÚLEGT
VERÐ



TILBOÐ Á BLEYJUM

1199 kr. pakkinn

PAMPERS
ALLAR STÆRDIR - STÓRIR PAKKAR



Borgaðu með símanum á einfaldan og öruggan máta með Netgíró. Við sendum þér reikning í netbankann og þú færð allt að 14 daga vaxtalausn greiðslufrest. Skráðu þig á www.netgiro.is

 **Netgíró**
Betri leið til að borga

Úrval er breytilegt eftir verslunum



OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

Nei eða já



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Vinmenning er forvitnilegt hugtak sem kemur reglulega upp í umræðunni um frjálsa sölu áfengis. Ef við gefum okkur það að hér sé átt við þann hluta menningar sem fellur undir siðmenningu, því tæpast er hér vísað til almenns þroska hugar og handar, þá er vísað til þess sem við sem samfélag gerum að háttum okkar og síðum. Þannig að með hugtakinu vinmenning er líkast til leitast við að siðmennta og siðfaga áfengisneyslu þjóðarinnar.

Viða í hinum vestræna heimi hefur vinmenning þótt standa íslenskum drykkjusiðum framár. Enda er þar um að ræða samfélög þar sem vindrykkja er rótgróinn hluti af eiginlegri siðmenningu viðkomandi þjóða, venjum þeirra og háttum. En því miður eru vandamálín því tengd með sama hætti umtalsvert fleiri og meiri en hér á landi svo þessi siðmenning er í raun ekki endilega eftirsóknarverð þó svo einhver sjái hana í rósrauðum bjarma.

Frumvarp um frjálsa sölu áfengis liggur nú fyrir Alþingi og margir virðast horfa til þess að með auknu frelsi og bættu aðgengi að áfengi megi bæta vinmenningu þjóðarinnar. Ekkert bendir þó til þess að svo sé í raun og veru heldur þvert á móti. Allar rannsóknir og athuganir á þróun samfélaga, til að mynda í nágrannalöndum, benda mun fremur til þess að auknu aðgengi fylgi aukinn áfengisvandi. Því miður og það er engin ástæða til þess að berjast hausnum við steininn hvað þetta varðar og um það virðist ekki vera deilt lengur.

Vilhjálmur Árnason, fyrsti flutningsmaður frumvarpsins, sem og aðrir fylgjendur frumvarpsins hafa tilgreint fáar og fremur léttvægar ástæður þess að hér sé á ferðinni þjóðþrifamál. Má þar nefna byggðasjónarmið svo að landsmenn í hinum dreifðari byggðum hafi bætt aðgengi að áfengi. Það skýtur þó skökku við að hafa áhyggjur af þessum þætti í hversdagslífi fólks í hinum dreifðari byggðum þar sem illa gengur að sjá fólki fyrir bankþjónustu, matvöruverslun, lækniþjónustu og annarri þjónustu sem ætti að teljast sjálfsgæði og mikilvægi en að geta hlaupið út í búð að ná sér í kippu af bjór eða flösku af hvítvíni.

Þar sem sem staðhæfingar um siðmenningarlega framþróun og hagsmuni hinna dreifðari byggða virðast halda vatni illa þá stendur í raun aðeins eftir fjárhagslegi þátturinn. Að einkaaðilar geti notið ávinningsins af því að stunda verslun með léttvín og bjór innan sinna verslana. Við skulum gefa okkur þá forsendu að það sé hið besta mál fyrir frjálsa verslun í landinu en hins vegar er hæpið að fullyrða að verðið á viðkomandi varningi lækki við þessa breytingu. Söluálagning Vinbúðanna virðist að minnsta kosti vera umtalsvert lægri en gengur og gerist í smásölu á landinu. Sérstaklega í hinum dreifðari byggðum þar sem markaðurinn er fámennur.

Þingheims biður því einfalt verkefni þegar kemur að því að greiða atkvæði um áfengisfrumvarpið. Hver um sig getur sagt já og sett hagsmuni frjálsrar smávöruverslunar á oddinn eða greitt atkvæði á forsendum lýðheilsu og minni kostnaðar fyrir heilbrigðiskerfið og sagt nei.



Hver um sig getur sagt já og sett hagsmuni frjálsrar smávöruverslunar á oddinn eða greitt atkvæði á forsendum lýðheilsu og minni kostnaðar fyrir heilbrigðiskerfið og sagt nei.

Gæði og glæsileiki endalaust úrval af hágvæða flisum

Flisabúðin
Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

Finndu okkur á facebook

Halldór



Frá degi til dags

Forgangsröðunin

Fréttablaðið greindi frá því á laugardaginn að í Ráðhúsinu hefði verið eytt 1,6 milljónum króna í heyrnartól fyrir þá sem þar starfa. Það er í sjálfu sér ekki há fjárhæð þegar horft er á heildarsjóðsstreymi borgarsjóðs. En þegar fréttir berast af grafalvarlegri fjárhagsstöðu borgarinnar sem hefur svo í för með sér að bregðast verður við með gjaldskrárhækkunum og skertri þjónustu við borgarbúa, líkt og hækkun á stöku sundferðum og skertri þjónustu við sorphirðu, þá má spyrja hvort ekki hefði verið eðlilegra að kaupa hreinlega eyrnatappa fyrir starfsfólkið í stað þess að fjárfesta í rándýrum heyrnartólum.

Afgreiðum málið

Fyrir þinginu liggur frumvarp Vilhjálms Árnasonar og fleiri þingmanna um að afnema ríkiseinokun á smásölu áfengis. Slik frumvörp hafa skotið upp kollinum nokkrum sinnum á undanförunum árum. En skoðanir almennings á sölu áfengis í matvöruverslunum eru misjafnar. Hið sama á við um þingmenn. Það væri samt ákjósanlegt ef forseti þingsins hagaði nú störfum þess þannig að málið fengi í eitt skipti fyrir öll endanlega afgreiðslu í þinginu eftir þriðju umræðu, í stað þess að láta það daga uppi í nefnd. Svo getum við farið að snúa okkur að umræðu um önnur mál. jonhakon@frettabladid.is

Áskorunin



Helgi Hjörvar
þingmaður Samfylkingar

Kerfið afneitar orsökum hrunsins og er á fullri ferð við að endurreisa sama fjármálakerfi og féll. Það er sami veiki gjaldmiðillinn, sama vonda verðtryggingin, sömu okurvextirnir og bráðum líka myntkórfulárin, sama fákeppni á bankamarkaði sem nú á aftur að einkavæða. Vaxandi spilling og þenslumerkin eru hvarvetna. Sama stýrivaxtaþólitik heldur uppi óhóflegum kostnaði fyrirtækja og heimila og laðar erlenda spákaupmenn aftur til landsins. Grátbrosleg fullkomnun yrði svo ef sömu hóparnir eignuðust sömu bankana aftur.

Þessi þróun er í anda þeirra sem telja að við höfum bara orðið fórnarlömb alþjóðlegrar kreppu, hér hefði allt reddast ef ekki væru útlöndin. Eftir því sem frá liður eflast líka þau gríðarlegu sérhagsmunaafl sem hafa tryggt sér hæsta raunvaxtastig í okkar heimshluta og vilja það kerfi áfram óbreytt.

Pólitísk forysta

Ekki voru gerðar nægilegar breytingar í kjölfar hrunsins og það dugar ekki að biða eftir evrunni með þær.

Þangað til við fáum alvöru gjaldmiðil þurfum við pólitíska forystu um að breyta kerfinu. Vextir eru hér of háir enda fjármálakerfið of dýrt. Brjóta þarf upp fákeppni á bankamarkaði, aðgreina fjárfestingar og viðskiptabanka og kveðja sérislenskar lausnir eins og verðtryggingu neytendalána.

Ræða þarf raunvaxtakröfuna og skapa aðrar og viðuráðanlegri húsnæðislausnir fyrir ungt fólk, setja skorður við þjónustugjöldum banka, tryggja dreift eignarhald o.s.frv.

Breytingar á bankakerfinu eru nefnilega stærsta verkefni stjórnmalanna hér á landi, því þó Íslandi vegni blessunarlega vel geta ytri skilyrði breyst hratt og kreppur koma aftur og aftur.

En þetta er líka stærsta áskorun heimsins því reglurnar núna auka sífellt og sjálfkrafa ójöfnuð og soun, fyrir fátæklega auðsöfnun örfarra.



Þangað til við fáum alvöru gjaldmiðil þurfum við pólitíska forystu um að breyta kerfinu.

Ákall um endurreisn



Í DAG
Guðmundur
Andri Thorsson
rithöfundur

Látið hefur verið í veðri vaka að um fimmtíu og fimm þúsund Íslendingar hafi skrifað undir ákall Kára Stefánssonar um endurreisn íslenska heilbrigðiskerfisins af því að þeir séu ekki nógu talnaglöggir. Og forsætisráðherra landsins hefur raunar látið liggja að því að því hærra sem hlutfall framlaga til heilbrigðismála sé hjá þjóð, þeim mun verr sé þjóðfélagsástandið þar.

Níu – tíu – ellefu?

Það var og. Auðvitað erum við ringluð þar sem tölur er annars vegar. Hvernig má annað vera í landi þar sem það er háþrúð listgrein að hagræða tölum, skálda út frá tölum? Kannski er sjálf tilvera þjóðarinnar ein allsherjar reikningskekka ef út í það er farið, og nógu oft hefur verið sýnt fram á að

þjóðin er þjóðhagslega óhagkvæm. Tölur þurfa vissulega að vera réttar – eða öllu heldur: Frú A og herra B þurfa að hafa sömu forsendur þegar þau tala saman um tölur. Því hefur hins vegar aldrei verið að heilsa hér á landi frá því að ég man eftir mér og þess vegna erum við æði mörg sem dettum sjálfkrafa út og hættum að hlusta þegar stjórnmálamaður rífa af sér gleraugun – eða setja þau á sig – og fara að þylja tölur og prósentuhlutföll til að sanna mál sitt.

Gott og vel. Kannski ekki ellefu og kannski ekki átta komma sjö og kannski ekki tíu heldur níu eða sjö – eða jafnvel ellefu. Eða tólf? Við Íslendingar höfum að minnsta kosti horft á heilbrigðiskerfi okkar grotna smám saman niður. Þegar Kári Stefánsson sker upp herör fær hann því strax hljómgrunn. Það er ekki bara vegna þess að hann sé mælskur og rökfastur heldur af því að fólk finnur unnvörpum að hann hefur hér lög að mæla – það veit það af eigin skinni eða út af reynslu vinar, vinnufélaga eða ástvínar.

Ófremdarástand

Kannski er hægt að sýna fram á með prósentureikningi að þetta



Sjúklingar liggja í kútaskápum og á göngum Landspítalans, sem er á að lita eins og sjúkrastofnun í stríðshrjáðu landi, meðan hús eins og St. Jóseppspítali í Hafnarfirði og Heilsuverndarstöðin í Reykjavík standa tóm. Landspítalinn er sjálfur í heilsuspillandi húsnæði.

sé alveg ágætt: sjúklingar bíða mánuðum saman eftir aðgerðum, jafnvel lífsnauðsynlegum. Sjúklingar liggja í kútaskápum og á göngum Landspítalans, sem er á að lita eins og sjúkrastofnun í stríðshrjáðu landi, meðan hús eins og St. Jóseppspítali í Hafnarfirði og Heilsuverndarstöðin í Reykjavík standa tóm. Landspítalinn er sjálfur í heilsuspillandi húsnæði, vegna skorts á eðlilegu viðhaldi. Barna- og unglingsdeild Landspítalans þarf að loka út af myglusvepp. Krabbameinssjúklingar eru

rukkaðir um háar fjárhæðir til að standa straum af lækni meðferð sinni og lyfjameðferð. Sjúklingar eru sendir heim fárveikir til að rýma fyrir nýjum sjúklingum því að excel-skjalið krefst tiltekinna afkasta. Fjöldi manns er án heimilislæknis. Gamalt og sjúkt fólk fær ekki sómasamlega umönnun og er jafnvel á hrakhólum. Óljósar reglur gilda um viðveru lækna, hvenær þeir eru að störfum við spítalann og hvenær þeir eru á einkastofu sinni. Læknar fást ekki til starfa á ýmsum nauðsynlegum sérfræðisviðum. Sáralítill endurnýjun er í stétt heilsugæslulækna, sem eiga að sinna grunnþjónustu.

Og þannig mætti lengi telja. Í stað þess að keppast við að sýna fram á tölfraðilegt ágæti þessa ástands ættu velunnarar núverandi ríkisstjórnar að hafa í huga að þetta snýst ekki bara um hana, þennan flokk eða hinn. Áratugum saman hafa ríkisstjórnir og fjárlaganefndir litið á það sem meginhlutverk sitt að „skera niður útgjöld til heilbrigðismála“, rífa niður og draga saman, fremur en að byggja upp. Smám saman hefur það verið sett í hendur góðgerðarfélaga að sinna eðlilegri endurnýjun á tækjakosti

spítalans. Hægt og bitandi hafa menn vanist því að lita á útgjöld til þessa málaflökks sem „eyðslu“ sem koma þurfi böndum á, en ekki eðlilegt þjónustustig í ríku og réttlátu samfélagi; eðlilega fjárfestingu í heilsu og heilbrigði almennings. Með sama áframhaldi er þess kannski skammt að bíða að meðferð verði komin undir „kostun“ og í eyru sjúklinga hvísli rödd í tíma og ótíma að þessi meðferð sé í boði þessa eða hins kostunaraðilans ...

Þetta hefur lengi verið svona. Í þessum efnam er vandséð að einn stjórnmálaflökkur skeri sig úr öðrum. Gott ef það voru ekki jafnaðarmenn sem höfu „kostnaðarhlutdeild sjúklinga“ á sinni tíð, sem hefur smám saman orðið til þess að sjúklingar þurfa ekki einungis að glíma við vinnutap og áhyggjur af heilsu sinni og framtíð, heldur eiga andvökunatur yfir því hvernig eigi að fjármagna meðferð sína og lyfjakaup.

Undirskriftasöfnun Kára og hans fólks snýst fyrst og fremst um hugarfarsbreytingu. Að stjórnmálastéttin skilji að það er verkefni hennar að búa þannig um hnútana að grunnstöðir samfélagsins séu í lagi.

Ég er of óþroskaður



Baldur V. Karlsson
verkefnastjóri
öryggis- og réttar-
geðþjónustu LSH



Þó ég væri nógu þroskaður, sem margir á mínum aldri eru, og myndi vilja taka Ólaf Ragnar á þetta, þá væri ég kominn á eftirlaun 57 ára. Hvað ætti ég þá að gera? Nei, ég á enn eftir að sankka að mér lífsreynslu í tonnatali áður en ég svo mikið sem íhuga að hlekkja mig við Bessastaði.

Nú hafa nokkrir forsetaframþjóðendur stigið fram í dagsljósið. Hins vegar leitar hugur minn ekki til þeirra heldur til fólksins í skuggunum sem stendur heima í stofu og ber í sig kjark til að bjóða sig fram sem næsti forseti Íslands. Ef ég væri átta árum eldri og ekki svona óþroskaður myndi ég skella mér í baráttuna. Þegar ég segi óþroskaður meina ég að ég á enn eftir að þróa með mér þann hnarreista virðuleika sem þarf í forsetaembættið. Ég er ekki með grásprengr hár, nota of mörg milliörð í talmáli, gleymi stundum því sem ég ætla að segja, er klaufskur með hnifapör og finnst björinn helst til of góður. En þetta er allt á réttri leið.

Burt séð frá þroska þá verð ég 57 ára þann 15. apríl næstkomandi og mér finnst ég hreinlega of ungur til verða forseti. Þó ég væri nógu þroskaður, sem margir á mínum aldri eru, og myndi vilja taka Ólaf Ragnar á þetta, þá væri ég kominn á eftirlaun 57 ára. Hvað ætti ég þá að gera? Nei, ég á enn eftir að sankka að mér lífsreynslu í tonnatali áður en ég svo mikið sem íhuga að hlekkja mig við Bessastaði.

Margir eru að hugsa um þetta sem er hið besta mál enda tel ég það skyldu allra góðra manna

og kvenna sem aldur hafa til að allavega imynda sér að gegna þessu embætti. Ég tel að í kjölfar Vigdísar og svo Ólafs hafi forsetaembættið orðið raunverulega mikilvægt. Ég vona að við förum ekki að kjósa yfir okkur uppsprengda skrautfjöldur með ekkert bein í nefinu eða hreinlega einhvern kjána. Ég vona að næsti forseti verði manneskja sem hefur hugrekki og vit á milli eyrnanna. Vit til að hugsa um hag heildarinnar og þor til að verða taumhald þingheims. Manneskjan sem ég ætla að kjósa er ekki komin fram í dagsljósið. Ég hef aldrei séð hana en ég veit hún leynist í skuggunum. Ef hún stígur ekki fram held ég að ég kjósi bara Ástþór. Hann hefur allavega reynst staðfastur í ósk sinni um Bessastaði. Og svo sjáumst við kannski bara að átta árum liðnum.

MARKAÐS- OG REKSTRARNÁM

VILTU EFLA STARFSHÆFNI ÞÍNA EÐA STYRKJA EIGIN ATVINNUREKSTUR?



SÖLU-, MARKAÐS- OG REKSTRARNÁM NTV OG MÍMIS ER YFIRGRIPSMIKIÐ OG HAGNÝTT NÁM. TILVALIÐ FYRIR ÞÁ SEM VILJA STYRKJA SIG Í STARFI Á ÞESSU SVIDI, FYRIR FRUMKVÖÐLA OG ÞÁ SEM STEFNA Á EIGIN ATVINNUREKSTUR. NÁMIÐ ER NIÐURGREITT AF FRÆÐSLUSJÓÐI ATVINNULÍFSINS, KOSTAR KR. 84.000 OG ER HUGSAD FYRIR ÞÁ SEM HAFNA STUTTA SKÓLAGÖNGU AÐ BAKI.

NTV skólinn sérhæfir sig í hagnýtu og starfsmiðuðu námi í samvinnu við mörg af leiðandi fyrirtækjum landsins. Kennsla í NTV er verkefnamiðuð og fer fram í litlum hópum í nánu samstarfi við kennara. NTV er viðurkenndur fræðsluaðili af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og er alþjóðleg prófamíðstöð.

www.ntv.is

ntv

Nýi tölvu- og viðskiptaskólinn

Vissir þú að...



þetta erga rétt á aðstoð og hjálp ef þú lendur í ofbætti



Dagur Sigurðsson fagnar hér Evrópumeistararitlinum eftir úrslitaleikinn í Kraká í gær. Þar höfðu Þjóðverjar mikla yfirburði gegn Spánverjum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Fullkomið Dagsverk

Dagur Sigurðsson fór með hálfgerð B-landslið Þýskalands á EM í Póllandi en stóð uppi sem Evrópumeistari eftir magnaða frammistöðu gegn Spáni í úrslitaleiknum. Degi var víða hampað í Þýskalandi eftir sigurinn.

HANDBOLTI Dagur Sigurðsson er langt á undan áætlun með þýska landsliðið. Þegar hann tók við því fyrir hálfu öðru ári var ætlunarverkið að byggja upp lið sem gæti orðið Ólympíumeistari árið 2020. Það er enn stóra markmið þýska landsliðsins en engan gat óráð fyrir því að Degi myndi takast að vinna stóran titil á svo skömmum tíma, líkt og hann gerði á Evrópumeistaramóttinu í Póllandi í gær.

Þýskaland varð þá Evrópumeistari eftir magnaða frammistöðu í úrslitaleiknum gegn Spáni. Niðurstaðan var sjö marka sigur, 24-17.

Dagur hefur hvað eftir annað á Evrópumeistaramóttinu í Póllandi sýnt hversu klókur þjálfari hann er. Hann undirbjó lið sitt af kostgæfni fyrir hvern andstaðing og tókst ávallt að fá það besta úr þeim leikmönnum sem hann var með í höndunum hverju sinni. Dagur hefur á ferli sínum lagt ofuráherslu á vinnu-semi og dugnað, bæði hjá sjálfum sér og leikmönnum sínum. Það er það sem skiladi Þýskalandi Evrópumeistararitlinum, fyrst og fremst.

Í viðtali við þýska sjónvarpið eftir úrslitaleikinn sagði Dagur að árangurinn þyrfti ekki að koma neinum á óvart. „Við höfum nú verið að spila

33 prósent tapleikjanna gegn Íslandi

Þýska handboltalandsliðið hefur unnið 28 af 36 leikjum sínum undir stjórn Dags Sigurðssonar en hann stýrði liðinu í fyrsta leiknum í september árið 2014. Það gerir 78 prósent sigurhlutfall en það er litlu herra í mótisleikjum þar sem hann hefur unnið átján af þeim 23 leikjum.

Þjóðverjar hafa aðeins tapað samtals 6 leikjum síðan Dagur settist í þjálfarastólinn og tveir þeirra hafa komið í vináttulandsleikjum á móti Íslandi, í janúar 2015 og svo aftur fyrir tæpum mánuði.

33 prósent tapleikja Dags með þýska liðið hafa því komið á móti Íslandi. Hin fjögur tölpin voru á móti Spáni (2), Katar og Króatíu.



góðan handbolta í átján mánuði. Það er engin tilviljun. Þetta eru ekki bara átta leikmenn heldur erum við með gott lið. Það er sama hver kemur inn í liðið – allir gefa sig alla í leikinn. Allir leikmenn eiga hrós skilið fyrir það,” sagði Dagur og bætti hann við að hann væri bæði þakklátur og stoltur.

Einbeiting

Skilaboð Dags í leikhléum voru skýr. Ásamt því að leggja upp sóknar- og varnarskipulag hverju sinni voru

skilaboðin sem fylgdu ávallt þau sömu – menn ættu að skila sér fljótt í vörn, brjóta ekki klaufalega af sér og halda einbeitingu og ró.

Dagur var spurður sérstaklega út í hvernig honum hefði tekist að halda einbeitingu leikmanna í lagi fram á síðustu mínútu í úrslitaleiknum.

„Það skiptir máli að pirra sig ekki yfir því þó svo að maður eigi slæmt skot eða eitthvað slíkt. Menn verða bara að halda áfram að spila sinn leik,” sagði hann og benti á að þó

svo að forysta Þýskalands í leiknum í gær hefði oft verið mikil hefði lítið mátt út af bregða. „Spánverjar eru með frábært lið og hefðu hvenær sem er getað komið til baka,” sagði þjálfarinn.

Úlfurinn í markinu

